

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Fjallabyggð
Gránugötu 24
580 Siglufjörður

Skúlagötu 4 101 Reykjavík

sími: 545 9700 postur@anr.is

anr.is

Reykjavík 9. júní 2020

Tilv.: ANR20050441/04.02.07

Efni: Ósk um umsögn.

Góði viðtakandi,

Á næstflöðnum vikum hafa ráðuneytinu borist erindi er varða mögulegt fiskeldi í Eyjafirði. Stafa þau frá þeim aðilum sem hér segir:

2. júní Sunn – Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi.
28. maí Sveitarstjórn Hörgársveitar.
28. maí Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar.
26. maí Bæjarráð Fjallabyggðar.
26. maí Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps.
25. maí Hagsmunaaðilar í Eyjafirði.
22. maí Bæjarstjórn Akureyrarbæjar.
17. maí. Landeigendur og/eda ábúendur í Svalbarðsstrandarhreppi, Grýtubakkahreppi og Þingeyjarsveit.
17. maí Erlendur Steinar Friðriksson.
13. maí. Samtök sveitarfélaga á Norðausturlandi.

Flest lúta erindi þessi að því að ekki verði hafð fiskeldi í Eyjafirði, fyrr en að undangengnu miklu samráði við sveitarfélög á svæðinu. Einn aðili hvetur til þess að þegar verði hafinn undirbúningur að uppbyggingu fiskeldis meðan aðrir ganga svo langt að hvetja til þess að Eyjafirði verði lokað fyrir eldi laxfiska í sjó.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 getur ráðherra, að fenginni umsögn Fiskistofu, Matvælastofnunar, Hafrannsóknastofnunar og viðkomandi sveitarstjórna, takmarkað eða bannað fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart fiskeldi. Nú er í gildi auglýsing nr. 460/2004 um friðunarsvæði, þar sem eldi laxfiska í sjókvíum er lýst óheimilt á tilteknum svæðum og er Eyjafjörður ekki meðal þeirra svæða sem þar eru tilgreind.


Við mat á því hvort ákvörðun verði tekin skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 2. mgr., skal taka mið af því að markmið laganna er m.a. að vernda villta nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatnsfiska eða sjávarfiska, og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Skal í því sambandi m.a. litið til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. firði eða floa. Jafnframt skal litið til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár. Auk þess skal taka tillit til sjónarmiða um aðra nýtingu hafsvæða en nýtingu vegna fiskeldis.

Hér með er leitað umsagnar yðar um hvort rétt sé að takmarka eða banna fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í sjókvíum í Eyjafirði innan línu sem dregin verði frá Siglunesi að Bjarnarfjalli.

Svo sem kunnugt er voru samþykkt lög á Alþingi vorið 2018 um skipulag haf- og strandsvæða þar

sem gert er ráð fyrir setningu strandsvæðaskipulags. Var um leið ákveðið að fyrst yrði unnið strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum og Austfjörðum. Til umræðu mun koma í framhaldi hvort og þá hvar sett verði strandsvæðisskipulag á fleiri stöðum, þar á meðal í Eyjafirði. Í þessu sambandi er vakin athygli á 2. mgr. 10. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða, en þar segir að við gerð slíks skipulags skuli taka mið af stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða þar sem tiltekin starfsemi er t.d. takmörkuð eða bönnuð.

Þess er óskað að umsögn yðar berist ráðuneytinu eigi síðar en 9. júlí nk. Þess er góðfúslega beint til sveitarfélaga að þau eigi viðræður sín á milli við undirbúning umsagna / umsagnar.



Kristján Þóttur Júlíusson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Arnór Snæbjörnsson

Fylgiskji.: Auglýsing nr. 460/2004

Samrit:

Akureyri,
Dalvíkurbyggð,
Eyjafjarðarsveit,
Fiskistofa,
Grýtubakkahreppur,
Hafrannsóknastofnun
Höngársveit,
Matvælastofnun
Svalbarðsstrandarhreppur,
Þingeyjarsveit